

Suðurnesjabæ, 4. nóvember 2022
2101022 JB

Suðurnesjabær

Sunnubraut 4
250 Suðurnesjabær

Efni: Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022-2034 – Vakin er athygli á auglýsingu tillögunnar

Bæjarstjórn Suðurnesjabæjar samþykkti á fundi sínum þann 2. nóvember 2022 að auglýsa tillögu að Aðalskipulagi Suðurnesjabæjar 2022-2034 ásamt umhverfismatsskýrslu skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 15. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Tillagan er aðgengileg í fylgiskjölum á vef Suðurnesjabæjar sudurnesjabaer.is og Skipulagsstofnunar skipulag.is frá og með 9. nóvember 2022 til 23. desember 2022. Einnig er hægt að nálgast tillöguna á skrifstofu Suðurnesjabæjar að Sunnubraut 4 í Suðurnesjabæ.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að koma með ábendingar og gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum er til 23. desember 2022.

Athugasemdum skal vinsamlegast skilað á afgreidsla@sudurnesjabaer.is undir yfirskriftinni „Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022-2034 - Auglýsing“ fyrir 23. desember 2022. Athugasemdir má einnig senda í bréfi á skrifstofu sveitarfélagsins Sunnubraut 4, 250 Suðurnesjabæ.

Vinnslutillaga aðalskipulagsins var send til umsagnar 22. mars sl. en hér er umsagnaraðilum einnig gefinn kostur á að veita umsögn um auglýsta tillögu. Sérstaklega er vakin athygli á skrá yfir vegi í náttúru Íslands sem kynnt er með tillögunni.

Virðingarfyllt,

Jón Ben Einarsson
Skipulagsfulltrúi Suðurnesjabæjar